

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1998

30. apríl 1998

829

Nr. 248

REGLUGERÐ

um leyfisbindingu veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

2. gr.

Heimilt er að hefja síldveiðar 5. maí 1998.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 1998.

Davíð Oddsson.

Árni Kolbeinsson.